

Nd.

180. Tillaga

til þingsályktunar um innlendar póströfur.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson, Jón Þorláksson og
Þorsteinn Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að innlendar póströfur verði framvegis innheimtar á öllum póstafréiðslustöðum og brjefhirðingum.

Fylgiskjal.

Við undirritaðir bóksalar og útgefendur blaða og tímarita í Reykjavík leyfum oss hjer með að fara þess á leit við Alþingi, að það geri nú í vetur ráðstafanir til að innlendar póströfur verði innheimtar framvegis á öllum póstafréiðslustöðum og brjefhirðingum á landinu. Nú sem stendur er í verki algerlega ófrankvæmanlegt að nota póströfur nema til sumra staða á landinu. Er þetta í einu mjög bagalegt fyrir fólk í þessum hjeruðum, sem langhelst vill greiða ýmsar skuldir þannig, fremur en með smápeningasendingum, og í öðru lagi afaróheppilegt fyrir alla, sem gefa út bækur og blöð hjer á landi og verða ár eftir ár fyrir miklum vanskilum, að eins af því að póströfukerfið nær ekki nema til nokkurs hluta landsmanna. Þó aldrei væri til annars en að auka reglusemi í viðakiftum og skilsemi almennings, þá væri þessi breyting alveg sjálfsögð. Að endingu skal þess getið, að menn, sem eru vel kunnugir póstmálum hjer á landi, álíta þessa umbót, þ. e. að brjefhirðingar innheimti póströfur, mjög auðvelda og framkvæmanlega. Hver aðalpóststöð hafi einföld eyðublöð handa brjefhirðingastöðvum sínum, sem ekki sje meiri vandi að útfylla heldur en eyðublöð þau, sem landsmínn hefir til bókfærslu handa 3. flokks stöðvum sínum.

Reykjavík, 22. febrúar 1923.

Virðingarfylst

Ársæll Árnason. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Guðm. Gamalíelsson.
Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar (Pjetur Halldórsson). Þór. B. Þorláksson.
Bókaverslun Sigurðar Jónssonar (Egill Guttormsson). Þorsteinn Gíslason.
Ágúst H. Bjarnason. Sigurjón Jónsson. Sigurbjörn Á. Gíslason.
G. Schram. Jón Helgason. Valtýr Stefánsson.

Til Alþingis.